

Akureyri, 26. apríl 2017

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurlugvelli, 156. mál.**

Stjórnin tekur undir bókun bæjarráðs Akureyrar frá 5. janúar sl.:

„Í höfuðborg Íslands er eina hátækisjúkrahús landsins. Það er því lífsnauðsynlegt að þangað sé ávallt greið leið með sjúklinga hvort sem er af höfðuborgarsvæðinu eða landsbyggðunum. Lokun Neyðarbrautarinnar svokölluðu á Reykjavíkurlugvelli hefur leitt til þess að sjúkraflugvélar hafa ekki getað lent í Reykjavík né annars staðar á Suðvesturhorninu með alvarlega veika einstaklinga, sem hafa þurft á bráðnauðsynlegri umönnun að halda á þessu eina hátækisjúkrahúsi okkar landsmanna. Það er því ófrávíkjanleg krafa bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar að Neyðarbraut Reykjavíkurlugvallar verði opnuð aftur þar til önnur og jafngóð lausn finnst.

Bæjarráð skorar á Borgarstjórn Reykjavíkurborgar, innanríkisráðherra og Alþingi að stuðla að því að svo geti orðið.“

F.h. stjórnar Eyþings


Linda Margrét Sigurðardóttir
Verkefnastjóri